



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 15. Ágúst 2023.

Fundur hófst: 20:25

Fundi slitið: 21:45

Fundinn sátu: Markús, Pura, Helga Veronica og Rán

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

- Fundargerð frá 6. Júní samþykkt.

2. Skil á gögnum til Hafnarfjarðarbæjar

- Skila þarf Fjárhagsáætlun fyrir 15. September. Ásamt henni þarf að skila staðfestingu á því að brunakerfið og slökkvitækin hafi verið yfirfarin. Helga Veronica er með fjárhagsáætlunina og Markús með yfirferð brunakerfi og slökkvitækja.
- Á árinu var keyptur laser og Hafnarfjarðarbær var búin að samþykkja 800.000,- þúsund krónur í bátakaup á árinu sem við þurfum að innheimta upp í kostnaðinn á lasernum. Það þarf því að senda reikninginn á Hafnarfjarðarbæ.

3. Styrkur til Seiglanna

- Stjórn ræddi ósk um styrk upp á 50.000 krónur til Seiglanna. Þytur hefur styrkt þær með láni á Secret bátnum til æfinga sem og öryggisbát við ljósmyndun og gerð þeirra á kynningarefni. Stjórn samþykkir að styrkja flott og þarft starf þeirra í þágu kvennasiglinga og siglinga í heild sinni á Íslandi um umbeiðna upphæð.

4. Starfið framundan

- Umsjón með og opnum húsum hefur alfarið verið á Markúsi, Jóhanni Berthelsen og Gabriel Péturssyni. Nú eru Markús og Jói á leiðinni erlendis svo það er lítill mannskapur fyrir opnu húsin. Það þarf því að huga að mönnun opnu húsana á meðan þeir eru úti.

5. Önnur mál

- Umræða um móttaka nýliða og þeirra sem áhugasamir eru um kjölbátasiglingar. Margir nýliðar hafa komið inn í gegnum kænusiglingarnar í sumar. Nú er staðan hins þannig að 3 hópar félagsmanna Þyts eru að fara reglulega út og eru siglingar þá fullmannaðar. Þura vakti athygli á því að félagsmenn hafa ekki upplifað sig mjög velkomna þegar að auglýstar eru fullmannaðar siglingar þar sem tækifæri fyrir nýliða til að sigla eru af skornum skammti.
- Tryggingamál voru rædd.
- Rætt var um aðkomu Rob Holden sem nýttist vel í starfinu vikuna sem hann kom. Bæði á sumarnámskeiðum, æfingum og í almennu starfi.
- Stjórn samþykkir að kaupa gjafir handa þeim tveimur sem standa oftast opnu húsin sem þakklætisvott til þeirra.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts